

ORKUSTOFNUN

Jarðhitarannsóknir við Grýtu sumarið 1982

Ólafur G. Flóvenz

Greinargerð ÓGF-82/03

Jarðhitarannsóknir við Grýtu sumarið 1982.

Í skýrslu jarðhitadeilda "Grýta í Öngulstaðahreppi, Niðurstöður jarðhitarannsókna" (Ásgrimur Guðmundsson o.fl. 1982) voru taldar líkur til þess að heita vatnið sem fædir Grýtulaug kæmi upp úr bergrunninum í hliðinni ofan laugarinnar og berist að Grýtulaug eftir allþykkum lausum jarðlögum sem hylja hann. Jafnframt var talið líklegt að við Grýtu sé að finna sjálfstætt heitavatnskerfi sem nýst gæti Hitaveitu Akureyrar. Lagt var til að gerðar yrðu viðnámssniðsmælingar til að leita að staðbundnu lágvíðnámi í jörðu sem tengja mætti aðfærsluæð Grýtulaugar. Í framhaldi af því yrðu boraðar nokkrar grunnar holur til frekari staðsetningar á uppstreymisrásinni. Að þessu loknu yrði annað hvort staðsett ný djúp hola eða ráðist yrði í dýpkun GW-1.

Viðnámssniðsmælingar fóru fram við Grýtu í byrjun júní. Á grundvelli bráðabirgðatúlkunar þeirra voru staðsettar þrjár borholur til að kanna hitastigul. Endanlegri úrvinnslu viðnámssniðsmælinganna er ekki lokið en ljóst að niðurstöður eru ekki mjög afgerandi. Á mynd 1 er sýnt sýndarvíðnám við fastan 300 m straumarm umhverfis Grýtu. Þar má sjá að á skiptast rennur með háu og lágu viðnámi. Ljóst er að hátt viðnám er undir Grýtulaug, sem bendir til þess að aðfærsluæð laugarinnar komi ekki upp úr berggrunninum bænt undir Grýtulaug, heldur sé vatnið fremur aðrunnið undan brekkunni. Á mynd 1 er einniq sýnt hvar borholurnar á svæðinu eru. Á mynd 2 eru sýndar nýjustu hitamælingar úr holunum. Hola 3, sem boruð er rétt austan Grýtulaugar lenti í smá vatnsæð á 25 m dýpi. Vatnið var rúmlega 28° heitt og æðin er vel tengd lauginni. Þar fyrir neðan kólnar holan fyrst í stað en hitnar síðan með dýpi. Hún er um 2° heitari en hola GW-1 neðan 120 m dýpis en með svipaðan hitastigul. Hitamælingarnar í GW-1 og GY-3 renna frekari stoðum undir þá skoðun að vatnið sem kemur upp í lauginni sé aðrunnið frá uppstreymi ofar í hliðinni. Hola 2 er boruð ofan í lágvíðnámsrennu sem virðist liggja milli bærarhúsa á Grýtu og Grýtulaugar. Hún hefur hæstan hitastigul af þessum holum og er orðin álika heit í botni og hola GY-3. Hola GY-4 er aftur talsvert kaldari en hinar og í henni eru tvær æðar. Af ofansögðu má álykta að líkur séu til að uppstreymisrásin sé tengd lágvíðnámsrennunni sem hola GY-2 er boruð í.

Líklegt er að gangahalli umhverfis Grýtu sé $4 - 6^{\circ}$ til vesturs frá lóðréttu. Hola GW-1 er í a.m.k. 140 m fjarlægð frá umræddri lágviðnámsrennu þ.a. vafasamt er hvort hún næði að skera ofan 1600 m dýpis þá ganga sem skapa lágviðnámsrennuna.

Hins vegar eru miklar líkur til þess að unnt yrði að skera þessa ganga ef boruð yrði allt að 1000 m djúp hola rétt við holu GY-3 eða GY-3 dýpuð í 1000 m.

A hinn bóginn eru þær upplýsingar sem benda til uppstreymis í hlíðinni neðan bæjarhúsa á Grýtu ekki nægjanlega sterkar til að óhætt sé að mæla með dýpkun GY-3 í allt að 1000 m. Æskilegt er að leita frekari staðfestinga á þessu með borun grunnrar holu (100 - 200 m) í hlíðinni skammt vestan þess staðar þar sem álitid er að uppstreymið gæti verið. Að því loknu yrði ákveðið á hvern hátt framhald borana við Grýtu yrði.


Ólafur G. Flóvenz

Tilvitnun:

Ásgrímur Guðmundsson, Ólafur G. Flóvenz, Sigmundur Einarsson og
Bára Björgvinsdóttir 1982: Grýta í Öngulstaðahreppi. Niðurstöður
jarðhitarannsókna. OS82037/JHD05, 29 s.

GRÝTA Í ÖNGULSTAÐAHREPPI

Sýndarviðnám við 500m straumarm



SKYRINGAR

< 50 Ωm
50-75 Ωm
75-100 Ωm
100-150 Ωm
> 150 Ωm

0 200 400 m

JHD

JED-65I 2-ÓGF

82.II.1283 T

Hitamælingar í borholum

